

Stál og stansar ehf.  
Vagnhöfða 7  
110 Reykjavík

Reykjavík, 5. mars 2020  
UST202002-382/Í.S.B.  
07.04.07

## Tímabundin stöðvun markaðssetningar á Rain-X 2-in-1 Windshield Washer Fluid meðan rannsókn stendur yfir

Umhverfisstofnun hefur umsjón með framkvæmd efnalaga nr. 61/2013 og annast eftirlit með framkvæmd laganna og reglugerða settra samkvæmt þeim sbr. XI. kafla laganna. Í samræmi við hlutverk stofnunarinnar var farið í eftirlit hjá Stáli og stönum ehf. að Vagnhöfða 7 þann 4. mars 2020 til að kanna hvort tilteknar vörur sem fyrirtækið býður til sölu uppfylli kröfur efnalaga og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra vegna ábendingar sem stofnuninni barst um markaðssetningu rúðuhreinsis sem inniheldur metanól.

Í 69. lið XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (REACH), sem innleidd er í reglugerð nr. 888/2015 er kveðið á um að rúðuhreinsi- eða afisingarvökvar, sem innihalda metanól í styrk sem er jafn mikill eða meiri en 0,6% miðað við þyngd skuli ekki settir á markað fyrir almenning eftir 9. maí 2019. Markmið bannsins er að koma í veg fyrir þá áhættu fyrir heilbrigði manna sem skapast vegna váhrifa frá metanóli í slíkum vökvum. Eftirlit Umhverfisstofnunar leiddi í ljós að fyrirtækið býður til sölu vöruna Rain-X 2-in-1 Windshield Washer Fluid (strikamerki: 0 79118 95805 3) sem fellur undir framangreint bann við setningu á markað.

Markmið efnalaga er m.a. að tryggja að meðferð á eftum, efnablöndum og hlutum sem innihalda efni valdi hvorki tjóni á heilsu manna og dýra né á umhverfi, sbr. 1. gr. laganna. Samkvæmt 23. gr. laganna er óheimilt að framleiða, flytja inn, markaðssetja eða nota efni, hvort heldur það er hreint, í efnablöndu eða í hlutum, á þann hátt að í bága fari við þær takmarkanir sem eru settar á grundvelli laganna og reglugerða sem eru settar með stoð í þeim. Enn fremur skal ráðherra samkvæmt 26. gr. laganna, ef heilsu eða umhverfi stafar hætta af, takmarka með reglugerð heimildir til markaðssetningar tiltekinna efna hvort heldur þau eru hrein í efnablöndum eða hlutum.

Að mati Umhverfisstofnunar gengur markaðssetning vörunnar Rain-X 2-in-1 Windshield Washer Fluid gegn framangreindu markmiði efnalaga um að tryggja að meðferð á eftum, efnablöndum og hlutum sem innihalda efni valdi hvorki tjóni á heilsu manna né dýra.

**Með hliðsjón af framangreindu stöðvar Umhverfisstofnun markaðssetningu vörunnar Rain-X 2-in-1 Windshield Washer Fluid tímabundið í samræmi við heimild stofnunarinnar skv. 57. gr. efnalaga.** Í því felst að markaðssetning vörunnar verður óheimil þar til rannsókn málsins er lokið og bætt hefur verið úr frávikum eftir atvikum. Með markaðssetningu er átt við það að sjá þriðja aðila fyrir vörunni eða bjóða hana fram, hvort heldur er gegn greiðslu en án endurgjalds en Stál og stansar ehf. skal geyma vöruna með öruggum hætti meðan tímabundin stöðvun markaðssetningar er í gildi.

Umhverfisstofnun veitir Stáli og stönum ehf. frest til 18. mars nk. til að sýna fram á að varan hafi verið sett á markað fyrir gildistöku framangreinds banns þann 9. maí 2019. Senda skal gögn sem staðfesta þetta á opinbert netfang stofnunarinnar, [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is), merkt málssnúmerinu UST202002-382. Hafi fyrirtækið keypt vöruna af innlendum birgi skal senda stofnuninni upplýsingar um birginn. Fyrirtækinu er veittur sami frestur til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í samræmi við 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Ítrekað er að með markaðssetningu í skilningi efnalaga er átt við það að sjá þriðja aðila fyrir vörum sem fellur undir efnalög eða bjóða hana fram, hvort heldur er gegn greiðslu eða án endurgjalds. Tímabundin stöðvun markaðssetningar gildir um vöruna Rain-X 2-in-1 Windshield Washer Fluid í öllum verslunum Stáls og stansa ehf. og í öðrum verslunum sem Stál og stansar ehf. kann að hafa selt vöruna til eða fengið að markaðssetja vöruna hjá þar til Umhverfisstofnun hefur mótttekið og staðfest gögn sem sýna með óyggjandi hætti að varan sé lögleg á markaði.

Umhverfisstofnun bendir á að ákvörðun þessi verður birt á vefsíðu stofnunarinnar í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga sem kveður á um að stofnunin skuli birta á vefsíðu sinni upplýsingar um niðurstöður eftirlits og til hvaða úrræða stofnunin hefur gripið jafnóðum og ákvarðanir um slíkt liggja fyrir.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings vegna eftirlits og beitingar þvingunarúrræða verður innheimt í samræmi við 54. gr. efnalaga og gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 með síðari breytingum þegar niðurstöður um eftirlitið liggja fyrir.

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar, Ísaks Sigurjóns Bragasonar ([isak.bragason@ust.is](mailto:isak.bragason@ust.is)) með tölvupósti eða í síma 591-2000 til að fá nánari upplýsingar um takmarkanir varðandi metanól í rúðuhreinsi- og afísingarvökva.

Virðingarfyllst



Skúli Þórðarson  
sviðsstjóri



Gísli Rúnar Gíslason  
lögfræðingur